

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015,
íbúðabyggð ofan Ölkelduvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 frá 8. desember 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Ópið svæði til sérstakra nota suðvestan við skólasvæði og svæði fyrir spennistöð breytist í íbúðasvæði sem verður um 2 ha að stærð. Þar til að núverandi spennistöð víkur verður tenging íbúðasvæðisins um vegslóða sem liggur að vatnstanki bæjararins.
2. Gert er ráð fyrir tjaldstæði á 0,3 ha opnu svæði til sérstakra nota milli íbúðasvæðisins og Gilóslækjar. Reiðstígur og göngustígur færast að hluta í samræmi við deiliskipulag.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. maí 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.